


VLR-005	Verklagsreglur um skráningar í SHA og aðildarfélög	
Útg. 01		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 1		

1. gr.

Hlutverk

Verklagsreglur þessar eru settar í þeim tilgangi að tryggja jafnrétti og að ákvarðanir verði bæði markvissar og gagnsæjar. Reglurnar taka til skráningar stúdenta í aðildarfélög Stúdentafélags Háskólans á Akureyri (SHA), sem og skráningar, umsýslu og greiðslu þeirra stúdenta, eða fyrrum stúdenta, sem ekki greiða skrásetningargjald til Háskólans á Akureyri til félagsins.


2. gr.

Framkvæmd skráningar

Allir stúdentar sem greitt hafa skrásetningargjöld til Háskólans á Akureyri eru fullgildir meðlimir Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Þeim stúdentum sem stunda nám við HA en borga ekki skrásetningargjöld til skólans, sem og fyrrum stúdentum í allt að 1 ár síðan þeir stunduðu síðast nám við skólann, býðst að skrá sig í SHA gegn félagsgjaldi og teljast þá fullgildir meðlimir.

Stúdentar þurfa að skrá sig sérstaklega í aðildarfélög SHA og ber að endurnýja skráningu árlega, skráning hefst 1. ágúst.

Umsjón með skráningu í Stúdentafélag Háskólans á Akureyri og aðildarfélög þess er í höndum framkvæmdastjórnar SHA og skal skráning fara fram í gegnum skráningarform á heimasíðu SHA fram að 15. september, en þar eftir í gegnum tölvupóstfangið sha@unak.is. Rekstrarstjóri SHA hefur yfirumsjón yfir greiðslum og skulu þær fara fram með millifærslu eða reiðufé á réttindaskrifstofu SHA.

VLR-005	Verklagsreglur um skráningar í SHA og aðildarfélög	
Útg. 01		
Dags.: 02.06.2026		
Ábyrgð: Stúd.ráð		
Samþykkt: Stúd.ráð		
Síða 2		

3. gr.

Félagsgjöld

Stúdentafélag Háskólans á Akureyri áskilur sér rétt til þess að taka félagsgjöld af þeim stúdentum og fyrrum stúdentum Háskólans á Akureyri sem hafa skráð sig í Stúdentafélag Háskólans á Akureyri, enda hafi þeir ekki greitt skrásetningargjöld við skólann. Eins áskilur félagið sér rétt til þess að taka félagsgjöld af þeim stúdentum sem skrá sig í aðildarfélög eftir 15. september á hverju skólaári.

Félagsgjöld skulu ákveðin af stúdentaráði Stúdentafélags Háskólans á Akureyri á vormisseri ár hvert, eftir aðalfund, og skulu innheimtast fyrir hvort misseri fyrir sig. Félagsgjöld skulu ekki vera hærri en sem nemur 6% af skrásetningargjöldum við Háskólann á Akureyri.

4. gr.

Endurskoðun verklagsreglnanna

Verklagsreglur þessar eru settar af stúdentaráði Stúdentafélags Háskólans á Akureyri. Öllum þeim sem sinna trúnaðarstöfum fyrir SHA ber að kynna sér verklagsreglur SHA í upphafi starfstímabils síns. Verklagsreglurnar skulu endurskoðaðar í upphafi hvers starfsárs og eftir atvikum uppfærðar af stúdentaráði.